



## Forstöðumaður fjárhagsdeildar hjá Vegagerðinni

Vegagerðin vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins alls. Vegagerðin vinnur að uppbyggingu samgöngukerfisins með lagningu vega og þjónustu við vegakerfi landsins, þróun almenningsamgangna og samþættingu mismunandi samgönguforma.

Nú vantar okkur **öflugan forstöðumann fjárhagsdeildar** til að taka þátt í þessu verkefni með okkur.

Starfsmenn fjárhagsdeildar starfa víðsvegar um landið en starf forstöðumanns er í Reykjavík.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði fjármála
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl og árangursrík reynsla af stjórnun
- Reynsla og þekking í uppgjörum og bókhaldi
- Góð færni í framsetningu fjármálaupplýsinga
- Reynsla af breytingastjórnun
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

### Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags og umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs ([ruth.elfarsdottir@vegagerdin.is](mailto:ruth.elfarsdottir@vegagerdin.is)) og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri ([sigurbjorg.helgadoottir@vegagerdin.is](mailto:sigurbjorg.helgadoottir@vegagerdin.is)) og í síma 522 1000

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið [starf@vegagerdin.is](mailto:starf@vegagerdin.is)

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.